

8. gr.

224

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal hann ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. 31. des.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

225

um fasteignaskatt í Húsavík.

31. des.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Húsavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Húsavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%.
3. — túnnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 1. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. febrúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

225

31. des.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Húsavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús og elliheimili.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

226

14. marz

P Ó S T B Ö G G L A S A M N I N G U R

gerður milli póststjórna Íslands og Kanada 1958.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Kanada samþykkja að koma á fót beinum og reglulegum skiptum á póstbögglum milli Íslands og Kanada og taka að sér að tryggja framkvæmd þjónustunnar innan takmarka samnings þessa.

1. gr.

Skilyrði fyrir skiptum á böggjum.

1. Hinar samningsbundnu póststjórnir geta skipzt á böggjum, sem kallast póstböggjar, annað hvort beint eða fyrir milligöngu einnar eða fleiri póststjórna.
2. Nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum gilda reglur viðkomandi lands um allt varðandi viðtöku, sendingu og afhendingu böggla (þar með telst álagning tolla og annarra gjalda) og áframsendingu innan ákvörðunarlandsins.
3. Böggla má senda annað hvort í lokuðum pósti eða opinni transit og ber að áframsenda þá eftir þeim fljótustu land- og sjóleiðum, sem lönd þau, er framkvæma transitina nota fyrir sinn eigin póst.
4. Böggla skal senda í pokum, sem vandlega er bundið fyrir og eru innsiglaðir. Póst skal aðeins búa út til pósthúsa, sem samningsaðilar verða ásáttir um.
5. Merkimíði, sem á er letrað nafn sendipósthússins og ákvörðunarpósthússins, skal bundinn við pokaopið. Á miðann skal skrá fjölda böggla þeirra, sem í pokanum eru.